

Því dæmist rétt vera:

Ákærði, Ásgeir Bjarnason, sæti varðhaldi í 15 daga.

Hann skal ævilangt sviptur bifreiðarstjóraréttindum.

Hann greiði allan kostnað sakarinnar, þar með talda þóknun til skipaðs verjanda síns, Sigurgeirs Sigurjónssonar hrl., kr. 1000.00.

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.

Þriðjudaginn 22. október 1957.

Nr. 169/1957. Ármann Magnússon, Jón Sigurðsson og Ingimundur Gestsson

gegn

Stjórn Samvinnufélagsins Hreyfils.

Dómenndur:

hæstaréttardómararnir Jónatan Hallvarðsson, Árni Tryggvason, Gizur Bergsteinsson og Þórður Eyjólfsson og prófessor Ármann Snævarr.

Frávísun frá héraðsdómi.

Dómur Hæstaréttar.

Sóknaraðiljar hafa skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 30. f. m., er barst dóminum hinn 16. þ. m. Þeir krefjast þess, að héraðsdómurinn verði úr gildi felldur og varnaraðilja dæmt að greiða þeim kærumálskostnað eftir mati Hæstaréttar.

Frá varnaraðilja hafa eigi borizt kröfur né greinargerð.

Með skírskotun til raka hins kærða dóms ber að staðfesta hann.

Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur.

Dómsorð:

Hinn kærði dómur á að vera óraskaður.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 28. september 1957.

Mál þetta, sem tekið var til dóms 5. þ. m., hafa þeir Ármann Magnússon, Jón Sigurðsson og Ingimundur Gestsson, bifreiðar-

stjórar hér í bæ, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, útgefni 3. september 1957, gegn stjórn Samvinnufélagsins Hreyfils hér í bænum, þeim Ingjalði Ísakssyni formanni, Bifreiðastöðinni Hreyfli, Laugavegi 107, Jóni Einarssyni, Efstasundi 4, Péttri Jóhannssyni, Laugateigi 40, Gestu Sigurjónssyni, Lindargötu 63, og Guðlaugi Guðmundssyni, Barmahlíð 54, öllum hér í bænum. Hafa stefnendur gert þær dómkröfur, að viðurkennt sé með dómi réttarins, að stjórn Samvinnufélagsins Hreyfils hafi verið óheimilt að gefa út afgreiðsluleyfi vorið 1957 til bifreiðarstjóranna Antons Sigurðssonar, Gunnþórs Benders, Ragnars Sigurðssonar og Tómasar Kristjánssonar með hliðsjón af löglegum samþykktum aðalfundar félagsins 1957 og fyrri fundarsamþykktum þess og að félagsstjórninni sé dæmt skyld að afturkalla tafarlaust nefnd afgreiðsluleyfi. Þá hafa stefnendur krafist þess, að hinar stefndu verði dæmdir in solidum til þess að greiða allan kostnað málsins.

Stefndu hafa hvorki sótt þing né sækja látið, og er þeim þó löglega stefnt. Þer því samkvæmt 118. gr. laga nr. 85/1936 að dæma málið eftir framkomnum gögnum.

Stefnendur kveða málavexti þessa:

Á fundi í Samvinnufélaginu Hreyfli hinn 10. nóvember 1955 var eftirfarandi ályktun samþykkt með öllum þorra atkvæða og án nokkurra mótakvæða:

„Fundur í Hreyfli s.f., haldinn á Þórskaffi 10/11. 1955, samþykkir, að frá og með samþykkt þessarar tillögu sé öllum, sem afgreiðsluleyfi hafa á stöð félagsins, óheimilt að framselja öðrum eða á nokkurn annan hátt ráðstafa afgreiðsluleyfi sínu til annarra.

Enn fremur skal frá sama síma óheimilt að bæta nokkrum manni í afgreiðslu á stöð félagsins. Segi leyfishafi upp afgreiðsluleyfi sínu, skal það lagt niður, og engum bætt við í hans stað. Ákvörðun þessi gildir, þar til öðruvísi verður ákveðið, og þá aðeins á aðalfundi í félaginu.“ Hefur þessi samþykkt verið í gildi síðan, og samkvæmt henni hefur aðalfundur félagsins farið með æðsta vald viðvíkjandi veitingu afgreiðsluleyfa á bifreiðastöð félagsins. Á síðasta aðalfundi félagsins, er haldinn var í Iðnó hér í bæ hinn 29. apríl 1957, var eftirfarandi tillaga samþykkt, að viðhafðri leynilegri atkvæðagreiðslu, með 130 atkvæðum gegn 75, en 9 atkvæðaseðlar voru auðir:

„Aðalfundur í Samvinnufélaginu Hreyfli, haldinn í Iðnó 29. apríl 1957, samþykkir eftirfarandi:

Stjórn s.f. Hreyfils er óheimilt að fjölga bifreiðarstjórum í af-

greiðslu á stöð félagsins, frá því sem nú er, nema með samþykki aðalfundar samvinnufélagsins.

Ekki má stjórn félagsins taka bifreiðarstjóra í afgreiðslu á stöð félagsins á milli aðalfunda með þeim fyrirvara, að aðalfundur samþykki slíkt.“ Var ályktun þessi til styrktar hinni fyrrgreindu fundarsamþykkt, þar sem í ljós kom á fundinum, að nokkur hluti stjórnarmanna hafði ætlað að fara í kringum samþykktir félagsmanna og veita bifreiðarstjórum afgreiðsluleyfi á bifreiðastöð félagsins með þeim fyrirvara, að aðalfundur samþykkti það. Á þessum fundi var einnig borin fram svohljóðandi tillaga:

„Aðalfundur í Samvinnufélaginu Hreyfli, haldinn í Iðnó 29. apríl 1957, samþykkir, að umsóknir um afgreiðsluleyfi á stöð félagsins, sem óskað er eftir, að verði lagðar fyrir aðalfund, skal stjórninni skylt að geta um í ársskýrslu sinni, og skulu þær umsóknir koma til atkvæðagreiðslu undir liðnum skýrsla stjórnar“. Var tillaga þessi samþykkt með öllum þorra atkvæða fundarmanna gegn fjórum mótakvæðum. Þegar tillögur þessar höfðu verið samþykktar, las formaður félagsins, sem jafnframt var fundarstjóri, upp nöfn þeirra manna, sem óskuðu eftir afgreiðsluleyfi á bifreiðastöð félagsins. Umsóknirnar voru bornar undir atkvæði, allar í einu lagi, samkvæmt ákvörðun fundarins. Var felld með yfirgnæfandi meirihluta atkvæða gegn fjórum að veita mönnum þessum afgreiðsluleyfi á bifreiðastöð félagsins. Þrír þessara manna voru þeir Anton Sigurðsson, Gunnþór Bender og Ragnar Sigurðsson. Hinn 14. maí 1957, kl. 2,30 e. h., var framhaldsaðalfundur settur af formanni félagsins í Skátaheimilinu hér í bænum. Voru mættir um 40 félagsmenn af um 260. Í fundargerð fundar þessa segir svo um dagskrá hans: „Formaður skýrir frá því, að dagskrá fyrir þessum fundi séu lagabreytingar, m. a. breyting á tækifærisgjafasjóði.“ Ekki getur fundargerð um aðferð við boðun framhaldsaðalfundarins. Er hér var komið, kvöddu þrír fundarmenn sér hljóðs, hver af öðrum, og mótmæltu lögmæti fundarins. Bentu þeir m. a. á, að tilskilinn fjöldi félagsmanna væri ekki mættur á fundinum. Formaður félagsins bar nú undir fundarmenn sjálfa, hvort fundurinn væri lögmætur. Var lögmæti fundarins samþykkt með 36 atkvæðum gegn 6. Var dagskrármálið síðan rætt og því ráðið til lykta. Í stað þess að slíta nú fundi, var nú borin upp svohljóðandi tillaga, undirrituð af 21 félagsmanni:

„Framhaldsaðalfundur Samvinnufélagsins Hreyfils, haldinn í Skátaheimilinu 14. maí 1957, samþykkir, að á meðan samþykkt sú er í gildi um að ekki megi fjölga á stöð félagsins, frá því sem

nú er, skal stjórninni heimilt að taka bifreiðar í afgreiðslu í stað þeirra, sem hætta.“ Einn fundarmanna kvaddi sér nú hljóðs og mótmælti tillögunni. Lýsti hann því yfir, að ekki væri hægt að bera tillögu þessa upp á þessum fundi, þar sem fyrri hluti aðalfundar hefði samþykkt með yfir 200 atkvæðum að fjölga ekki á bifreiðastöðinni að sinni. Þá kvað hann það einnig brot á fundarsköpum, að taka upp sama mál tvisvar á sama fundi. Skoraði fundarmaður þessi á formann, sem jafnframt var fundarstjóri, að bera tillögu þessa ekki upp. Neitaði formaðurinn að verða við þessari áskorun. Þegar að því kom, að formaður ætlaði að bera tillöguna upp, gengu tveir stjórnarmeðlimar ásamt nokkrum öðrum félagsmanna af fundinum í mótmælaskyni gegn því, er þeir töldu vera „freaklegt brot á fundarsköpum“. Á meðal þeirra, sem gengu af fundinum, var ritari fundarins, og tilnefndi formaðurinn annan ritara í hans stað. Virðist tillagan síðan hafa verið borin upp og samþykkt með 50 atkvæðum gegn engu. Nokkrum dögum eftir aðalfund tók stjórn félagsins inn á bifreiðastöðina þá þrjá menn, sem að framan eru nefndir og aðalfundur hafði fellt, að teknir yrðu inn á stöðina, þá Anton Sigurðsson, Gunnþór Bender og Ragnar Sigurðsson. Enn fremur tók stjórnin fjórða manninn inn á stöðina, Tómas Kristjánsson. Er félagsmenn fréttu þetta, var svohljóðandi bréf sent til félagsstjórnarinnar, undirritað af 132 félagsmönnum:

„Við undirritaðir meðlimir í Samvinnufélaginu Hreyfli mótmælum harðlega því gjöræði stjórnar félagsins að taka í afgreiðslu á stöð félagsins eftirgreinda menn:

Anton Sigurðsson, Viðimel 21, Borgarbílastöðinni,
Gunnþór Bender, Þórsgötu 26, Borgarbílastöðinni,
Ragnar Sigurðsson, Flugvallavegi 3, Bæjarleiðir,
Tómas Kristjánsson, Úthlíð 4, Bifröst.

Inntaka ofangreindra manna er skýlaust brot gegn yfirlýstum vilja meirihluta félagsmanna frá fyrri hluta aðalfundar og fyrri samþykkt félagsmanna um sama efni.

Meirihluti stjórnar félagsins (Ingjaldur, Jón, Pétur) hafa neitað að viðhafa allsherjaratkvæðagreiðslu um þetta mál, en við undirritaðir krefjumst, að þessir ofangreindir menn verði látnir hætta í afgreiðslu nú þegar, og að engir aðrir menn verði teknir í afgreiðslu, þótt afgreiðsluleyfi losni á stöð félagsins.“

Hinn 8. júní s.l. skrifuðu 14 félagsmenn „í eigin nafni og fyrir hönd annarra félaga, er undirritað hafa meðfylgjandi mótmæla-skjöl“, erindi til félagsstjórnarinnar, þar sem ofangreind málsatvik eru stuttlega rakin, og er síðan svo til orða tekið: „Við stað-

hæfum, að stjórn félagsins hafi þverbrotið löglegar samþykktir aðalfundar félagsins og þá í þessum efnum einnig yfirlýstan vilja meirihluta félagsmanna. Fyrir því mótmælum við því, að stjórn félagsins hefur heimilað fyrrgreindum 4 mönnum afgreiðslu fyrir bifreiðar sínar á stöð félagsins, og krefjumst þess, að afgreiðsluleyfi stjórnarinnar fyrir þá verði afturkallað og að stöðin hætti afgreiðslu fyrir þá nú þegar eða fyrir 1. júlí n.k.

Við sjáum okkur ekki fært annað en taka einnig fram: Að svo fremi stjórnin eigi verði við þessum kröfum okkar og framfylgi þannig samþykkt lögsmæts aðalfundar, í síðasta lagi fyrir 1. júlí n.k., þá höfum við eigi önnur ráð til að leita réttar okkar og félagsins gagnvart stjórn þess en að leggja málið undir úrskurð dómstóla. Er það eindreginn ásetningur okkar, ef stjórnin eigi á annan hátt fæst til að hlíta samþykktum félagsins.“ Stjórn félagsins lét umræddan frest líða, án þess að aðhafast nokkuð í málinu.

Stefnendur reisa kröfur sínar á því, að stjórn Samvinnufélagsins Hreyfils hafi framið réttarbrot gegn þeim sem og öðrum félagsmönnum með því að veita utanfélagsmönnum afgreiðsluleyfi á bifreiðastöð félagsins í forboði löglegs aðalfundar, sem hafi æðsta vald í félagsmálum. Þá er því haldið fram af hálfu stefnenda, að svonefndur framhaldsaðalfundur hafi verið ólöglegur, þar sem til hans hafi verið boðað á ófullnægjandi hátt og fundarsókn langt fyrir neðan lágmarkið, $\frac{1}{3}$ hluta félagsmanna, sem tilskilið er í 7. gr. félagslaganna. Einnig hafi aðalfundinum ekki verið lokið á tilskildum tíma, 30. apríl, samkvæmt ákvæðum félagslaganna, en framhaldsaðalfundurinn settur hinn 14. maí. Þá hafi fundarstjóra á framhaldsaðalfundinum borið skylda til samkvæmt almennum fundarsköpum að vísa frá tillögu þeirri, sem Pétur Jóhannsson og fleiri báru fram, þar sem búið hafi verið að taka afstöðu til þess máls og afgreiða það á aðalfundinum. Samþykkt síðari fundarins á tillögunni sé því ógild og að engu hafandi.

Ljóst er, að kröfur stefnenda í máli þessu geta varðað mjög hagsmuni bifreiðarstjóra þeirra, sem talið er, að stjórn félagsins hafi veitt umrædd afgreiðsluleyfi, þar sem í þeim felst, ef þær yrðu teknar til greina, að bifreiðarstjórar þessir væru sviptir réttindum, sem þeir munu telja sig hafa öðlazzt eða þeir mundu eiga slíka sviptingu á hættu. Virðist því eðlilegt og sjálfsagt, að stefnendur hefðu gefið bifreiðarstjórum þessum kost á að gæta hagsmuna sinna í málinu. Þetta hafa stefnendur ekki gert.

Að þessu athuguðu þykir eiga að vísa máli þessu sjálfkrafa frá dómi.

Rétt þykir, að málskostnaður falli niður.

Guðmundur Jónsson, fulltrúi borgardómara, kvað upp dóm þenna.

Dómsorð:

Máli þessu er sjálfkrafa vísað frá dómi.

Málskostnaður falli niður.

Priðjudaginn 22. október 1957.

Nr. 114/1955. Gústaf A. Sveinsson f. h. Wolsey Ltd.

(Gústaf A. Sveinsson hrl.)

gegn

Einari Ágústssyni og Kristjáni Þorsteinssyni

(Gunnar Þorsteinsson hrl.).

Dómenndur:

hæstaréttardómaramennir Jónatan Hallvarðsson, Árni Tryggvason,
Gizur Bergsteinsson og Þórður Eyjólfsson og prófessor Ármann
Snævarr.

Dómur og málsmeðferð ómerkt og máli vísað frá héraðs-dómi.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 19. ágúst 1955 og krafizt þess:

Að stefndu verði dæmt óheimilt að selja þrjónaðar fatnaðarvörur með vörumerkinu Woosley.

Að stefndu verði dæmd þyngsta refsing, sem lög leyfa, fyrir athæfi þeirra, það er greint sé í málinu.

Að stefndu verði dæmt að greiða honum bætur fyrir tjón hans af athæfi þeirra, þó eigi undir kr. 1000.00.

Að dæmt verði upptækt það af vöru stefndu, þeirri er í málinu greinir, sem enn kann að finnast í vörzlum þeirra.

Að stefndu verði dæmt að greiða honum málskostnað bæði í héraði og fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.